

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um kærur til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna húsnæðismála.

1. *Hversu margar kærur bárust úrskurðarnefnd velferðarmála vegna ákvarðana Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða, eftir atvikum, Íbúðalánasjóðs eða Húsnæðissjóðs frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2021, sundurliðað eftir árum?*

2016 bárust 8 kærur.
2017 bárust 9 kærur.
2018 bárust 8 kærur.
2019 bárust 10 kærur.
2020 bárust 26 kærur.
2021 bárust 14 kærur.

2. *Hversu margar af þeim kærum voru vegna ákvarðana í málum á grundvelli:*

- a. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998,
b. laga um almennar íbúðir, nr. 52/2016,
c. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016,
sundurliðað eftir árum?

- a. 2016 bárust 7 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
2017 bárust 9 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
2018 bárust 4 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
2019 bárust 5 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
2020 bárust 6 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
2021 bárust 6 kærur á grundvelli laga um húsnæðismál.
b. Á tímabilinu frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2021 barst einungis ein kæra á grundvelli laga um almennar íbúðir og var það á árinu 2020.
c. 2016 bárust 6 kærur.*
2017 bárust 6 kærur.*
2018 bárust 4 kærur.
2019 bárust 5 kærur.
2020 bárust 19 kærur.
2021 bárust 8 kærur.

*Kærur sem bárust úrskurðarnefnd velferðarmála á árunum 2016 og 2017 vegna húsaleigumála voru vegna ákvarðana sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur.

3. *Hversu mörgum umræddra kærumála var vísað frá á þeim grundvelli að viðkomandi stofnun tók mál kæranda til skoðunar á ný á meðan nefndin var með málið til umfjöllunar, sundurliðað eftir árum?*

Engu kærumáli var vísað frá á þessum grundvelli á þeim árum sem um ræðir.

4. *Hver var meðalmálsmeðferðartími umræddra kærumála, þ.e. frá því að kæra barst og þar til úrskurður lá fyrir, sundurliðað eftir árum, að undanskildum málum sem var vísað frá á þeim grundvelli að kæra barst eftir að kærufrestur rann út?*

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2016 var 4,9 mánuðir.

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2017 var 3,6 mánuðir.

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2018 var 3,6 mánuðir.

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2019 var 2,4 mánuðir.

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2020 var 3,6 mánuðir.

Málsmeðferðartími mála sem úrskurðað var í árið 2021 var 3 mánuðir.

5. *Í hversu mörgum umræddra kærumála var málsmeðferðartími hjá nefndinni lengri en þrjú mánuðir, sundurliðað eftir árum?*

2016 var málsmeðferðartími í 100% mála lengri en þrjú mánuðir.

2017 var málsmeðferðartími í 50% mála lengri en þrjú mánuðir.

2018 var málsmeðferðartími í 85% mála lengri en þrjú mánuðir.

2019 var málsmeðferðartími í 17% mála lengri en þrjú mánuðir.

2020 var málsmeðferðartími í 64% mála lengri en þrjú mánuðir.

2021 var málsmeðferðartími í 58% mála lengri en þrjú mánuðir.

6. *Hversu oft hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eða, eftir atvikum, forveri hennar Íbúðalánasjóður eða Húsnæðissjóður höfðað dómsmál til að fá úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála hnekkt, sundurliðað eftir árum og á grundvelli hvaða laga hin kærða ákvörðun var tekin?*

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hefur hvorki stofnunin, forveri hennar né Húsnæðissjóður höfðað dómsmál til þess að fá hnekkt úrskurði nefndarinnar vegna ákvarðana um húsnæðismál.